

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 15

Dags. 26.1.2011

Fundur í Skipulags og Umhverfisnefnd 26. jan. 2011

Mætt eru Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Einnig situr fundinn Per Christensen frá mannviti.

1. Tekin fyrir breytingartillaga að deiliskipulagi á Hróarsstöðum frá 16. 12. 2010.

Nefndinni barst tillaga að breytingu á deiliskipulagi dagsettri 19.08 2010. Sveitarstjórn sendi tillöguna í grenndarkynningu, við tillöguna barst ein athugasemd frá Sigurði Arnari Ólafssyni um lóðarmörk sem tekið hefur verið tillit til.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillöguna frá 16. 12. 2010.

2. Erindi frá Stefáni Þórissyni á Hólkoti.

Óskað eftir umsögn og samþykki sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar á breytingu lóðarmarka spildu nr. 212204 sem tekin var út úr landi Hólkots í Reykjadal, landnúmer 153768.

Breytingin felur í sér stækkun lóðar úr 4020 fm. Í 4350 fm.

Ástæða beiðni þessarar er að við skoðun Fornleifaverndar fundust fornminjar á lóðinni sem nauðsynlegt reyndist að friðlýsa, því þurfti að færa til girðingu á lóðamörkum.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki breytinguna.

3. Erindi úr Hrísgarði

Erindi frá Davíð Herbertssyni og Gunnhildi Arnþórsdóttur í Hrísgarði um stofnun nýrrar lóðar og skilgreiningar lóðarmarka í kringum eldri hús samkvæmt uppdætti frá Búgarði dagsettum 27. 07. 2010.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki erindið.

4. Borist hefur svohljóðandi erindi frá Sigurði Erni Haraldssyni á Jaðri.

„Ég undirritaður óska eftir að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykki hnitsetningu og fermetrastærð frístundalóðar nr. 153773 eins og meðfylgjandi myndir sýna.“

Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki erindið samkvæmt uppdætti dagsettum 14. 12 2010 að því gefnu að samþykki eigenda aðliggjandi lóðar liggi fyrir.

5. Borist hefur erindi frá Bergljótu Þorsteinsdóttur.

„Undirrituð fyrir hönd Svövu Hermansdóttur kt. 230834-5989 eiganda jarðarinnar Skóga í Fnjóskadal óska eftir samþykki sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar að lóð nr. 193500 frá 1985 í fasteignamati nefnd viðskipta og þjónustulóð verði sameinuð jörðinni Skógum 153331.“

Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki erindið í ljósi fyrirliggjandi gagna.

6. Bréf frá Minjaverði

Borist hefur bréf undirritað af Sigurði Bergsteinssyni Minjaverði Norðurlands eystra vegna deiliskipulagstillögu að frístundabyggð í Skógum Þingeyjarsveit dagsettri 14.12 2010 frá Guðmundi H. Gunnarssyni þar sem hann fellst á að ekki sé þörf fyrir frekari skráningu fornleifa á svæðinu að uppfylltum skilyrðum sem byggja á þjóðminjalögum nr.107/2001

7. Borist hefur erindi frá Landsneti

Landsnet óskar eftir að fá að setja upp veðurathugunarstöð á Vallafjalli.

Nefndin gerir ekki athugasemd við erindið

8. Aðalskipulag

Per fór yfir athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar sem var auglýst 28. 10. 2010

Farið var yfir athugasemdir frá einstaklingum og umsagnaraðilum og kynntar tillögur að svörum við þeim. Málið langt komið og býður afgreiðslu á öðrum fundi.

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Þórunn Jónsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson